

## **237. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 12. desember 2005.**

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 09:00.

Mættir voru auk hans:

Anna Þóra Baldursdóttir fulltrúi kennara  
Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra  
Ingi Rúnar Eðvarðsson fulltrúi kennara  
Kristján Sturluson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Laufey S. Sigurðardóttir ritari rektors  
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála

Gestir: Eyjólfur Guðmundsson deildarforseti viðskipta- og raunvísindadeildar, í gegnum fjárfundabúnað

Guðmundur Heiðar Frímannsson deildarforseti kennaradeildar  
Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs  
Sigrún Magnúsdóttir forstöðumaður upplýsinga- og gæðastjórnunarsviðs  
Þórlleifur S. Björnsson forstöðumaður rannsókn- og alþjóðasviðs

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

### **1. Fundargerð 236. fundar**

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

### **2. Rekstraryfirlit janúar – nóvember 2005**

Úlfar gerði grein fyrir stöðu rekstrar. Rekstrarkostnaður er ríflega 927,7 m.kr. eftir ellefu mánuði ársins þar af 559,5 m.kr. vegna kennsludeilda og 368,2 vegna stoðdeilda. Rekstrarkostnaður er 5,5% yfir áætlun þegar á heildina er litið. Úlfar sagðist reikna með að halli ársins verði um 40,0 mkr.

### **3. Drög að rekstraráætlun 2006**

Rekstraráætlun ársins 2006 er enn í vinnslu. Úlfar sagðist reikna með að senda drög að áætluninni til háskólaráðsmanna fyrir áramót.

### **4. Samanburður á íslenskum háskólum 2003 og 2004**

Rektor lagði fram samanburð ríkisendurskoðunar á íslenskum háskólum 2003 og 2004 m.t.t. fjölda nemenda og starfsmanna, fjárveitingar á fjárlögum, tekjur af skólagjöldum, tekjur af rannsóknum og aðrar tekjur og framlög. Þar kemur fram að tekjur og þar með kostnaður er lægstur á hvern nemanda í Háskólanum á Akureyri árið 2003 og næstlægstur árið 2004. Rektor sagði að þennan mismun þyrfti að leiðrétta.

### **5. Uppbygging og stefnumótun viðskipta- og raunvísindadeildar**

Eyjólfur Guðmundsson tengdist fundinum gegnum fjárfundabúnað. Hann lagði fram tillögur um námsskipulag viðskipta- og raunvísindadeildar. Háskólaráð gaf Eyjólfvi heimild til að vinna áfram að námsskipulagi deildarinnar í samræmi við framlagðar tillögur og fyrri samþykktir háskólaráðs. Þessu næst viðraði Eyjólfur hugmyndir um stefnumótun deildarinnar og lagði fram tillögur þar sem markmiðin væru að bjóða upp á áhugaverða menntun sem stenst tímans tönn, kennsluaðferðir og kennsluhættir verði sambærilegir við það besta í heiminum á hverjum tíma, deildin sérhæfi sig á tilteknum sviðum innan deildarinnar og deildin setji sér markmið um lágmarksrannsóknastig næstu 5–10 árin. Háskólaráð fagnaði þessum hugmyndum og hvatti Eyjólfvi til að halda áfram stefnumótunarvinnu á þessum nótum. Eyjólfur benti á nauðsyn þess að marka stefnu varðandi tungumál starfsmanna háskólans en margir starfsmenn hans eru af erlendu bergi brotnir. Ákveðið var að háskólaráð skipi vinnuhóp um málið. Eyjólfur óskaði eftir því að fjárveitingar til kynningarmála verði sérstaklega teknar til umfjöllunar þar sem gríðarlega mikilvægt er að vandað verði til markaðssetningar nýrrar deildar. Eins og bókað var í fundargerð síðasta fundar háskólaráðs þarf að leggja sérstaka áherslu á kynningar á námsframboði næsta ársog var Eyjólfur beðinn um að senda inn kynningaráætlun sem tekin yrði til umfjöllunar við gerð rekstraráætlunar.

- 6. Undirbúningur meistaranáms í viðskiptafræðum**  
Lögð var fram skýrsla undirbúningsnefndar um meistaranám í viðskiptafræðum og bréf frá viðskiptadeild þar sem óskað er eftir samþykki háskólaráðs að hefja meistaranám, annars vegar á sviði stjórnunar, stefnumótunar og mannauðs og hins vegar á sviði alþjóðaviðskipta og fjármála. Samþykkt var að vinna við undirbúning námsins haldi áfram og erindið verði tekið upp á næsta fundi um leið og fjallað verður um rekstraráætlun 2006.
- 7. Reglur um rannsóknaleyfi**  
Á síðasta fundi háskólaráðs var rektor falið að hafa samráð við formenn Félags háskólakennara og Félags prófessora um reglur um rannsóknaleyfi. Rektor kynnti breytingar á regludrögum í kjölfar þess fundar. Háskólaráð samþykkti breytingarnar með áorðnum breytingum. Þórleifur Björnsson sat fund meðan drögin voru kynnt og fyrirspurnir fóru fram.
- 8. Rannsóknasjóður**  
Þórleifur Björnsson óskaði eftir upplýsingum um hve mikla fjármuni Rannsóknasjóður HA hefði til úthlutunar fyrir árið 2005. Jafnframt óskaði hann eftir að hluti af heildarupphæð sjóðsins verði tekin í umsýslubóknun. Háskólaráð ákvað að 11,0 mkr. yrði varið í úthlutun fyrir árið 2005, þar af fari 8% í umsýslubóknun.  
Þórleifur óskaði einnig eftir gildistími reglna um Rannsóknasjóð yrði framlengdur. Reglurnar voru samþykktar 26. nóvember 2004 til eins árs og að þeim tíma liðnum skyldi senda þær deildum til umsagnar. Háskólaráð samþykkti að framlengja gildistíma reglnanna á meðan leitað væri eftir umsögnum deilda og þar til nýjar reglur hefðu verið samþykktar.
- 9. Beiðni um inntöku nemenda í diplómanám**  
Fyrir fundinum lá bréf frá kennaradeild þar sem óskað er eftir inntöku tveggja nemenda í diplómanám á framhaldsbraut deildarinnar. Guðmundur Heiðar Frímannsson kynnti umsækjendur og Laufey Petrea Magnúsdóttir lagði fram mat á umsóknum. Háskólaráð hafnaði beiðninni í ljósi þess að hvorugur umsækjenda hefur þann undirbúning sem krafist er til inntöku í diplóma- og meistaranám.
- 10. Reglur vegna starfsmanna sem starfa við fleiri en eina deild**  
Frestað
- 11. Rafræn skjalastjórn**  
Á fundi sínum þann 19. ágúst sl. samþykkti háskólaráð að komið yrði á fót rafrænu skjalastjórnarkerfi og að taka tilboði Hugvits um hugbúnað. Sigrún Magnúsdóttir kom á fundinn með tillögur um næstu skref og drög að samningi við Hugvit. Háskólaráð samþykkti tillögurnar þar sem m.a. er lagt til að ráða tímabundið starfsmann í hlutastarf til að sinna innleiðingu rafræns skjalastjórnarkerfis. Rektor var gefið umboð til að ganga frá samningnum við Hugvit á grundvelli umræðna fundarins.
- 12. Samstarfssamningur Veðurstofu Íslands og HA**  
Samþykkt var að gengið yrði til samninga við Veðurstofu Íslands á grundvelli samningadraga sem lögð voru fram.
- 13. Samningur um Asíuver Íslands**  
Samþykkt voru drög að samkomulagi milli HA og HÍ um sameiginlega skipan námsleiðar í Austur-Asíufræðum og drög að samningi milli þessara aðila um Asíuver Íslands. Nám í kínversku og kínverskri menningu sem Símenntun HA mun bjóða upp á er styrkt rausnarlega af Avion Group, Arngrími Jóhannssyni og Íslandsbanka. Opunarahátíð verður haldin 16. desember 2005 að viðstöddum Forseta Íslands og rektor Háskóla Íslands.  
Háskólaráð fagnar þessu framtaki. Fjallað verður nánar um skipulag námsins á næsta fundi.

Úlfar Hauksson yfirgaf fund.

- 14. Starfslýsing og auglýsing fyrir framkvæmdastjóra háskólaskrifstofu**

IMG hefur verið fengið til að hafa umsjón með auglýsingu og ráðningarferli framkvæmdastjóra háskólaskrifstofu. Háskólaráð samþykkti drög að auglýsingu og starfslýsingu framkvæmdastjóra.
- 15. Fundir á vormisseri**

Fundir á vormisseri verða haldnir 16. janúar, 20. febrúar, 20. mars, 10. apríl, 15. maí og 19. júní. Fundirnir hefjast kl. 9:00.
- 16. Önnur mál**
  - 16.1 Ársreikningi 2004 var dreift.
  - 16.2 Ákveðið var að senda deildarforsetum, forstöðumönnum sviða og formönnum Félags háskólakennara og Félags prófessora skýrslu endurskoðunarhópsins. Deildarforsetum yrði heimilað að dreifa henni á deildarfundum, forstöðumönnum innan síns sviðs og formönnum félaga til sinna stjórna.
  - 16.3 Samþykkt var að skipa Kjartan Ólafsson til að taka sæti í stjórn Rannsóknasjóðs í fjarveru Elínar Aradóttur.
  - 16.4 Menntamálaráðuneyti óskaði eftir því að háskólinn sendi ráðuneytinu og birti opinberlega, fyrir 1. febrúar 2006, greinargerð um hvernig háskólinn hyggst bregðast við þeim ábendingum sem fram koma í úttektarskýrslu IMG. Á síðasta fundi fól háskólaráð rektor að sjá um að það verði gert. Anna Þóra spurðist fyrir um hvernig ferli við að svara ráðuneytinu yrði háttað. Rektor sagði að hann myndi fá forstöðumenn sviða til að vinna greinargerðina með sér.
  - 16.5 Anna Þóra spurðist fyrir um hvað liði erindi kennsluráðs um reglur um ritstuld nemenda. Rektor sagist kanna málið.
  - 16.6 Anna Þóra óskaði eftir yfirliti um hvernig sparnaðaraðgerðir sem samþykktar voru í júní hefðu gengið eftir.
  - 16.7 Kristján spurði fréttu af framhaldsnámi í lögfræði. Rektor sagði að svar hefði ekki borist frá ráðherra við bréfi þar sem óskað var eftir samþykki fyrir náminu. Hann sagðist ítreka erindið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:40.